

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla Heilsugæslustöðina á Breiðdalsvík á margvíslegan hátt, svo sem með kaupum á lækningatækjum í samráði við lækni stöðvarinnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir 3 aðilar: starfandi prestur á Heydölum, hreppstjóri Breiðdalshrepps og sýslumaður Suður-Múlasýslu og skal hann vera formaður sjóðsins.

6. gr.

Úr sjóðnum má árlega ráðstafa allt að fjórum fimmtu hlutum árstekna hans. Hinn hluti teknanna skal leggjast við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

Telji sjóðstjórnin ekki ástæðu til að ráðstafa þeim hluta ársteknanna sem ráðstafa má árlega, getur hún annað hvort lagt tekjurnar við höfuðstólinn eða geymt þær til ráðstöfunar síðar, en þó eigi lengur en þrjú ár.

7. gr.

Allt innborgað fé sjóðsins skal ávaxtað í útibúi Samvinnubanka Íslands hf. á Stöðvarfirði og skal útibúið annast reikningsfærslu fyrir sjóðinn eftir fyrirmælum sjóðstjórnar, enda náist samkomulag þar um.

8. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu kosnir þannig: Hreppsnefnd Breiðdalshrepps kýs einn mann og sýslunefnd Suður-Múlasýslu einn mann. Skulu þeir kosnir af hverri nýkjörinni hreppsnefnd og sýslunefnd, og skal kosning þeirra gilda jafn lengi og viðkomandi hrepps- og sýslunefnd situr. Reikninga sjóðsins skal senda árlega til eftirlitsmanns opinberra sjóða.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar sjóðsins.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir samtökin „Ungt fólk með hlutverk“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. janúar 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir samtökin „Ungt fólk með hlutverk“.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir samtökin „Ungt fólk með hlutverk“, (skammstafað U. F. M. H.) gerum hér með kunnugt: Að ofangreind samtök, sem stofnuð voru 6. júní árið 1976 eru

s j á f s e i g n a r s a m t ö k

og eru allar núverandi eigur samtaka þessara, sem er margvíslegt lausafé að verðmæti kr. 2.5 millj., eign samtakanna og á sama við um þær eignir, sem samtökin U. F. M. H. kunna að eignast síðar.

Samkvæmt framansögðu leyfum við okkur að setja samtökunum „Ungt fólk með hlutverk“ eftirfarandi:

Skipulagsskrá.

1. gr.

Hlutverk samtakanna er að vinna að framgangi síðustu skipunar frelsarans Jesú Krists kristniþóðsskipuninni og vera til þjónustu við kirkjuna, fyrst og fremst hina íslensku þjóðkirkju. Öll slík starfsemi skal vera í fullu samráði við hlutaðeigandi aðila í hverju tilviki.

2. gr.

Öll starfsemi U. F. M. H. byggist á frjálsum framlögum og sjálfboðavinnu.

3. gr.

Þriggja manna leiðtogahópur fer með mál U. F. M. H. og tekur allar meiriháttar ákvarðanir svo sem hvar og hvernig starfað skuli. Leiðtogar þessir velja síðan forystumann samtakanna úr sínum hópi. Forystumaður samtakanna er jafnframt stjórnandi bókaútgáfu samtakanna, SHALOM.

4. gr.

Leiðtogunum til aðstoðar og ráðuneytis starfar 20 manna fulltrúaráð. Óski einhver leiðtoganna eða einhver úr fulltrúaráðinu að láta af störfum skulu leiðtogar samtakanna í samráði við fulltrúaráðið velja mann í þeirra stað.

5. gr.

Fulltrúaráðið setur sér starfsreglur og skulu allar meiri háttar ráðstafanir, sem leiðtogarnir telja rétt að ráðist sé í lagðar fyrir það til umhugsunar svo sem fasteignakaup og aðrar meiriháttar fjárfestingar.

6. gr.

Starfstímabil hvers einstaks leiðtoga eða meðlims fulltrúaráðsins er ekki takmarkað við ákveðinn tíma eða árafjölda heldur skal viðkomandi eiga það sæti svo lengi sem hann sjálfur vill vinna að framgangi málefnisins í anda samtakanna.

7. gr.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af tvei endurskoðendum sem tilnefndir eru af kirkjumálaráðherra og borgarfégeta.

8. gr.

Komi til þess að U. F. M. H. hætti störfum, skulu eigur þess renna til þjóðkirkjunnar.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema með samþykki $\frac{2}{3}$ hluta meðlima fulltrúaráðs U. F. M. H.